



Framvinduskýrsla júlí – október 2010

Flutningur skrifstofu

Ég hóf störf 16. júlí sl. Eitt fyrsta verk mitt var að flytja skrifstofuna frá Breiðmörk í Hveragerði í Háskólasetrið í Glaðheimum á Selfossi. Flutningurinn gekk hratt og vel en fyrstu dagana fór mikill hluti tímans í að koma sér fyrir, ganga frá tölvuaðgengi, símtengi o.fl.þ.h. Góðar móttökur auðveldaði vinnu við að koma sér fyrir á nýjum stað.

Heimsóknir á starfssvæði – samstarfsaðilar

Í upphafi starfs míns lagði ég áherslu á að komast í samband við helstu samstarfsaðila á Suðurlandi, ferðamálafulltrúa og tengiliði inni sveitarstjórnir. Eins hef ég lagt mig fram við að heimsækja einstök svæði og ferðaþjónustufyrirtæki í fjórðungnum. Það hefur hjálpað mér að vera vel tengdur inná svæðið og að þekkja vel til manna og málefna. Áður en ég byrjaði að vinna að gerð landslutabæklingsins heimsótti ég t.d. uppsveitir Árnassýslu, Ölfus, Hveragerði, Rangárþing, V-Skaftafellssýslu, Höfn og Vestmannaeyjar. Þótt ég hafi fyrsta kastíð lagt mikið upp úr að vera sýnilegur og vera í beinu sambandi við fólk í fjórðungnum, er þó vert að taka fram að upplýsingatæknin (tölvupóstur, heimasíðan, face-book) hefur einnig auðveldað mér mikið að ná tengingu í landshlutanum.

Stjórn MSS og ferðamálafulltrúar

Með stuðningi stjórnar MSS hefur mér gengið vel að ná fram ýmsum verkum á stuttum tíma. Það hefur verið mikill styrkur að hafa greiðan aðgang að stjórnarmönnum og geta leitað til þeirra með ýmsar hugmyndir svo að segja um leið og þeir kvikna. Það hefur gert að verkum að allt ferli við útfæra verkefni getur gengið hraðar fyrir sig, eins og t.d. við gerð landslutabæklingins. Eins hefur það auðveldað mér að komast inni starfið að geta leitað leiðsögn stjórnarmanna þegar á þarf að halda.

Ég hef lagt mikið upp úr að vera í góðum samskiptum við ferðamálafulltrúa svæðanna. Þannig hefur Ásborg Arnþórsdóttir í Uppsveitum Árnassýslu verið boðin og búin að veita mér ráð og upplýsingar um starfssemi markaðsstofunnar en hún var formaður stjórnar MSS í byrjun. Eins hef ég komið að ýmsum verkefnum í samvinnu við ferðamálafulltrúana, s.s. samráðsfundum með ferðaþjónustuaðilum svo eitthvað sé nefnt.

Ferðaþjónustuaðilar

Í ferðum mínum um Suðurland í sumar hef ég lagt höfuðáherslu á að ná góðu sambandi við þá ferðaþjónustuaðila sem eru aðilar að MSS og leita eftir þeirra hugmyndum um væntingar til markaðsstofunnar. Við gerð landslutabæklinginn hafði ég einnig samband við fjölda nýrra aðila og fékk marga til að ganga til liðs við okkur. Þó má enn gera betur en til þess þarf tíma og vinnu.

Fundir með ferðapjónustaðilum

Á seinustu dögum hef ég með aðstoð tengiliða á svæðunum haldið fundi með ferðapjónustuaðilum þar sem ég kalla eftir hugmyndum að vöru til að selja. Ég tel mikilvægt að hugmyndir að nýrri vöru og þjónustu og vöruþróun komi úr grasrótinni. Þannig geta ferðapjónustuaðilar sem eru aðilar að markaðsstofnunni mótað og haft áhrif á störf hennar að því marki sem stjórn MSS er þeim samstiga.

Fyrir sýningar og alla markaðsvinnu er nauðsynlegt að hafa eitthvað undir höndum sem hægt er að sýna kaupendum. Þeir fundir sem ég hef þegar efnt til hafa fengið góðar undirtekir og skilað góðum árangri. Einn fundur var haldinn í Félagsheimilinu Hvoli 3. september sl. og annar á Smyrlabjörgum 9. s.m.

Heimasíður www.south.is og www.markadsstofa.is

Icelandtoday tók að sér það verkefni að efla www.south.is m.a. með gerð samfélagsvefja í tengslum við síðuna s.s. á facebook og twitter. Ég hef fylgst náið með framvindu þessa og sýnist það að mörgu leyti hafa tekist vel. Sömuleiðis hefur verið unnið að því að koma gamla myndbandi Ferðamálasamtaka Suðurlands á vefinn á Youtube og Vimeo. Jafnframt hefur Upplýsingamiðstöð Suðurlands aðstoðað við að uppfæra þjónustusíður o.fl.

Innri vef markaðsstofunnar www.markadsstofa.is hef ég notað sem samskiptagátt við fyrirtæki í greininni til að koma á framfæri upplýsingum um það sem er efst á baugi í starfssemi Markaðsstofunnar. Eins hef ég unnið að kynningu á vefnum, m.a. með því að kaupa til áramóta auglýsingaglugga til kynningar á síðunni hjá landshlutablöðunum Dagskránni og Eystrahorni.

Undirbúningur fyrir VestNorden

Mikil vinna fór í að undirbúa kaupsýninguna VestNorden sem haldin var á Akureyri 15.-17. september sl., en við Sunnlendingar vöktum þar verðskuldaða athygli fyrir góða liðsheild og samstöðu. Markaðsstofan beitti sér fyrir að samræma útlit sunnlensku básanna í lime-grænum lit sem tákni fyrir grósku og gróanda á undirlendi Suðurlands. Útlit og hönnun bása á sýningunni skiptir miklu máli og mikil vinna var lögð í að láta útbúa góða dregla og kynningarefni með góðu myndavali. Yfirskriftin var fengin að láni frá Rangæingum „Power and Purity“. Blómaskreytingar, matur og drykkur úr héraði, dúkar og sérmerkt súkkulaði var meðal þess sem laðaði erlenda ferðakaupendum að básunum okkar. Þá var nýtt myndskaið og DVD-diskur um Suðurland og landshlutabæklingur sérstaklega kynnt öllum ferðakaupendum á kynningardagskrá í Hofi, nýju menningarhúsi þeirra Akureyringa, auk þess sem framkvæmdastjórinn sté á stökk og svaraði nokkrum lauflettum spurningum kynnisins um Suðurland!

Það var áberandi mikill hugur í sunnlenskum seljendum að koma sér á framfæri og greinilega mikil stemmning fyrir landshlutanum. Markaðsstofan getur greinilega haft stóru hlutverki að gegna í aðdraganda sýningarinnar og á henni sjálfri með því að vera til staðar fyrir ferðapjónustuaðilana, samhæfa krafta þeirra og skapa liðsheild, sér í lagi meðal þeirra sem ekki hafa tekið þátt áður. Margir ferðapjónustuaðilar leituðu jafnframt til mín um **aðstoð vegna sýningarinnar**, s.s. við uppsetningu og gerð kynningarefnis. Í kjölfarið á þessari góðu kynningu hafa líka margir ferðapjónustuaðilar sem ekki hafa verið aðilar að Markaðsstofu Suðurlands sett sig í samband og lýst áhuga á að eiga að henni aðild.


Fyrir sýninguna var farin **pre-tour** um Suðurland með ferðakaupendum frá Sviss, Svíþjóð, Rússlandi og Þýskalandi. Ferðin heppnaðist afar vel, skapaði sambönd við fjölda ferðaþjónustuaðila og hjálpaði til að skerpa fókusinn á Suðurland þótt sýningin sjálf væri haldin fyrir norðan.

Vinna með kynningaraðilum og fjölmiðlum

Nokkur tími fer annað slagið í að vinna með kynningaraðilum og fjölmiðlum að því að skipuleggja ferðir þeirra um Suðurland. Í vikunni eftir VestNorden fór t.a.m. mikill tími í aðstoð og vinnu við gerð FAM-tour (e. familiarisation tour) fyrir erlendan aðila sem er að koma með ferðakaupendur í heimsókn á Suðurland í byrjun október. Sömuleiðis leita fjölmiðlar annað slagið til mín um aðstoð við skipulagningu og ábendingar um viðmælendur, bæði innlendir og erlendir. Þannig varði ég t.d. góðum tíma í að aðstoða BBC-Brussel við að skipuleggja og koma á tengslum við ferðaþjónustuaðila á Eyjafjallasvæðinu í ágúst.

Landshlutabæklingur

Landshlutabæklingurinn um Suðurland var endurútgefinn fyrir VestNorden sýninguna í haust. Mikill tími og vinna fór í úthringingar og samskipti við ferðaþjónustuaðila, bæði þá sem voru í bæklingnum í fyrra en jafnframt við öflun nýrra áskrifenda. Töluvert var um staðreyndarvillur sem þurfti að yfirfara og leiðrétt og samræma framsetningu, bæði í texta og grafík. Keyptur var yfirlestur á texta í þessu skyni og grafískur hönnuður fenginn til að setja upp bæklinginn (lay-out). Sú nýbreytni var gerð að nokkrum afþreyingarfyrirtækjum var boðið að kaupa heilsíðuauglýsingar í bæklingnum á sanngjörnu verði. Tekið skal fram að ákvörðun um þetta var tekin á ábyrgð framkvæmdastjóra. Markaðsstofan hefur sjálf annast dreifingu bæklingins að þessu sinni með aðstoð Upplýsingamiðstöðvar Suðurlands, en vísbendingar eru um að einhver misbrestur hafi verið á dreifingu bæklingins í fyrra.



Mynddiskur um Suðurland

Gengið var til samninga við Profilm að gera mynddisk um Suðurland. Ákveðið var að láta gera 2 mín disk með myndskotum af öllu Suðurlandi. Í myndskotiðinu er öllum svæðum gerð góð skil og sérstaklega kynnt svæði s.s. Uppsveitir Árnessýslu, Árborg, Suðurströndin, Ríki Vatnajökuls og V-Skaftafellssýsla með áherslu á afþreyingu og vetrarferðamennsku.



Klasavinna

MSS er aðili að Fuglaklasa Suðurlands og er aðili að umsókn til NATA um styrk til að þróa námstengda ferðamennsku inná svæðið

Uppskeruhátíð

Að frumkvæði ferðaþjónustuaðila hefur verið unnið að undirbúningi að uppskeruhátíð sem haldin verður á Hótel Heklu 8. október nk. Katrín Júlíusdóttir ferðamálaráðherra hefur þekkt boð um að vera heiðursgestur hátíðarinnar. Hugmyndin er að uppskeruhátíðin verði vettvangur ferðaþjónustuaðila á Suðurlandi til að hittast og gera sér glaðan dag eftir ferðamannasumarið, treysta böndin og efla liðsandann.

Markaðsstofur á landsvísu

Markaðsstofa Suðurlands starfar með öðrum markaðsstofum á landinu að sameiginlegum hagsmunamálum. Meðal verkefna af því tagi var ferðakynning sem haldin var í Íslandstjaldi á vegum Ferðamálastofu í tengslum við menningarnótt í Reykjavík um miðjan ágúst. Sýningin tókst vonum framár og var góð prófraun fyrir mig að koma aftur inná þennan vettvang.

Ýmis verkefni til áramóta:

- **Atvinnulífsfundir í sveitarfélögum Suðurlandi samstarfi við Atvinnuþróunarfélgið**
- **Útgáfalandshlutakorts**
- **Dreifing landshlutabæklings**
- **Október og nóvember Fam-ferðir – heimsókn erlendra ferðakaupenda**
- **Nóvember - Inspenction ferð um Suðurland(boðsferð) íslenskum ferðaskrifstofum og upplýsingamiðstöðvum boðið í kynnisferð**
- **Undirbúningur fyrir Mid-atlantic**
- **Verkefni tengd heimasíðu**
- **Umsóknavinna v. vaxtasamningur Suðurlands og ITA**
- **Endurnýjun þjónustusamninga við sveitarfélög á Suðurlandi**